


Að setja upp VPN tengingu við FSu


Það eru nokkur þrep sem þarf að fara í gegnum til að búa til VPN tengingu við skólanetið. Helstu kostir við þessa tengingu er að þá er hægt að opna H og O drifin og þeir sem eru að vinna á skrifstofunni geta líka tengst S drifinu. Í einstaka tilvikum getur þessi möguleiki einnig opnað á vefsvæði sem kennarar hafa verið að nota og eru tengdir við **ip** tölu skólans og einnig frír nemendaaðgangur að Snöru.

Hér eru leiðbeiningar um þessar stillingar í Windows 10.

1. Farið í stillingar. Smellið á gluggamyndina og svo á tannhjólið.



2. Smellið á VPN og þar inni á "Add a WPN connection"



Að setja upp VPN tengingu við FSu

3. Fyllið inn þessar stillingar svona. Þið setjið ekkert í Pre-share key eða Username/Password á þessu stigi

Add a VPN connection

VPN provider
Windows (built-in)

Connection name
FSu

Server name or address
fsu11.fsu.is

VPN type
L2TP/IPsec with pre-shared key

Pre-shared key

Type of sign-in info
Username and password


Username (optional)

Password (optional)

Remember my sign-in info

Save

4. Næsta skref er að finna VPN tenginguna og stilla betur. Það eru nokkrar leiðir þangað en líklega er einfaldast að byrja á að skrifa vpn inn í leitargluggann og smella svo á VPN settings sem kemur upp.



VPN

+ Add a VPN connection

FSu
Connected

Advanced Options

Allow VPN over metered networks

On

Allow VPN while roaming

On

Related settings


[Change adapter options](#)

[Change advanced sharing options](#)

[Network and Sharing Centre](#)

[Windows Firewall](#)


Þá opnast þessi gluggi og þar er valið: **Change adapter options.** Þar opnast nokkrar smámyndir með þráðlausu neti, tengdu neti og vonandi FSu VPN tengingunni. Þið hægri smellið á hana og veljið **Properties.**




Að setja upp VPN tengingu við FSu

- Inni í **Properties** veljið þið Security flipann og hakið við Unencrypted password (PAP) og afhakið allt annað. Passið líka að **Type of VPN** sé stillt á það sama og á myndinni.


Næst smellið þið á **Advanced settings** og þá opnast gluggi eins og er á myndinni. Þar skrifið þið fsu í key og ekkert annað.



Núna ætti tenging að vera komin á. Þið getið prófað




það með því að hægri-smella á smámyndina inni í Network Connections og velja Connect. Þið verðið líka að vera tengd á netið til að þessi tenging virki, hvort heldur sem er með þráðlausri tengingu heima eða snúru við „ráterinn“.



Þessar leiðbeiningar eiga eingöngu við um starfsfólk

6. Ekki er allt komin enn þar sem þið fáið ekki upp O og H drifin ykkar nema með viðbótarstillingum. Þið þurfið að fara í „This Computer“ eða „Tölvan mín“ og sjá þar þessa mynd sem er hér fyrir neðan. Þar opnið þið „Map network drive“ og þá kemur innskráningargluggi eins og sést hér að neðan. Það skiptir ekki máli hvaða staf þið notið í Drive: Z og Y eru ágætir möguleikar þar sem ólíklegt að usb lyklar taki sér þá tölu. Þið skrifið svo inn í „Folder“ gluggann: `\\172.16.0.19\starfsfolk$` og veljið svo **Finish**. Þá ætti að koma upp innskráningargluggi þar sem þið skrifið kennitöluna ykkar og aðgangsorð í tölvuna. Ef þetta er vinnutölvun ykkar sem þið eruð að tengja þá ætti allt að smella en ef þið eruð að setja þessa tengingu á borðtölvu eða tölvu með Home stýrikerfi þá gæti komið villumelding þar sem sagt er að aðgangsorðið passi ekki. Þá smellið þið á „Use a different account“ og skrifið fsu.local\og svo kennitöluna ykkar og aðgangsorð og þá ætti það að ganga. Svo ef þetta gengur allt upp búið þið til aðra tengingu og notið t.d. Y sem Drive og þá er slóðin: `\\172.16.0.19\hopar$` þeir sem hafa réttindi á skrifstofudrifið geta sett upp `\\172.16.0.19\skrifstofa$`



Svo virkar þetta auðvitað ekkert og þá er bara að hringja í 4808158 😊

